

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sollusjóð.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Sollusjóður og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fanga til að aðlagast samfélaginu eftir fangavist, s.s. í formi menntunar, sjálfstyrkingar og sérfræðiaðstoðar.

4. gr.

Stofnandi.

Stofnandi sjóðsins er Bati, góðgerðarfélag, kt. 580920-0980.

5. gr.

Stofnfé.

Höfuðstóll sjóðsins er að fjárhæð 1.285.000 kr. sem er lögð fram af stofnanda.

Höfuðstóll sjóðsins telst vera stofnfé sjóðsins sem er óskerðanlegt.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum.

Stofnandi nýtur engra sérréttinda í sjóðnum.

6. gr.

Tekjur.

Tekjur sjóðsins eru:

- Vextir og arður af eignum hans.
- Gjafir og áheiti sem honum kunna að berast.
- Fé, styrkir og annað verðmæti sem safnast í nafni hans.
- Aðrar tekjur.

Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans og leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt, í samræmi við tilgang sjóðsins. Sollusjóður og Bati góðgerðarfélag skulu hafa samstarf sín á milli um öflun styrkja og áheita til sjóðsins.

7. gr.

Ráðstöfun.

Stjórn skal veita styrki til einstaklinga í samræmi við tilgang sjóðsins skv. 3. gr. Stjórn skal setja reglur um úthlutun styrkja þar sem fram kemur hverjir geta sótt um, heildarfjárhæð, úthlutun og annað það sem máli kann að skipta máli.

8. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú einstaklingar og tveir til vara. Stjórn Bata tilnefnir fyrstu stjórn sjóðsins en síðan mun stjórn tilnefna nýja stjórn í lok hvers kjörtímabils. Stjórn kýs sér formann og skiptir með sér verkum. Nú fellur stjórnarmaður frá, verður ófær um að gegna stjórnarstörfum vegna veikinda eða annarra anmarka eða segir sig frá stjórnarstörfum og tekur þá varamaður sæti í hans stað.

Skipunartími stjórnarmanna er tvö ár í senn. Enginn skal sitja í stjórn sjóðsins lengur en í 4 ár í senn. Stjórn sjóðsins skal tilkynna sjóðaskrá hverjir skipi stjórn hverju sinni. Stjórnin skiptir með sér verkum. Sjóðstjórn ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins.

9. gr.

Stjórnarfundir.

Boða skal til stjórnarfunda með 7 daga fyrirvara með sannanlegum hætti. Formaður stjórnar stýrir fundum og er talsmaður sjóðstjórnar. Stjórnarfundur er ályktunarbær ef minnst tveir stjórnarmenn eða varamenn þeirra sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Ritari færir fundargerðir stjórnarfunda.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

10. gr.

Úthlutunarreglur.

Stjórn sjóðsins skal setja úthlutunarreglur í samræmi við tilgang sjóðsins, þ.m.t. um hámarksfjárhæð styrks til hvers umsækjanda, heildarfjárhæð styrkja til úthlutunar hverju sinni, og hvernig skuli staðið að meðferð umsókna.

11. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

12. gr.

Ársreikningur o.fl.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

13. gr.

Breyting á skipulagsskrá. Slit sjóðsins.

Skipulagsskrá þessari verður hvorki breytt, né sjóðurinn lagður niður, nema með einróma samþykki sjóðstjórnar og að fengnu samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eigum hans ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins, sbr. 3. gr. skipulagsskrárinnar.

14. gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 1. júlí 2021.

Birna Ágústsdóttir.

Auður Steingrimsdóttir.